

80

13. okt.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 14. ágúst 1956 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu 1. september 1956 til 31. ágúst 1957. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamningsins milli Íslands og Tékkóslóvakíu, er undirritaður var í Reykjavík hinn 31. ágúst 1954 og gildir til 31. ágúst 1957 (Stj.tíð. A. 86/1954).

Samkomulagið gerir ráð fyrir, að Íslendingar selji til Tékkóslóvakíu á tímabilinu aðallega freðfisk, sild, fiskimjöl og lýsi. Á móti er gert ráð fyrir kaupum á ýmsum vörutegundum frá Tékkóslóvakíu, svo sem járn- og stálvörum, vefnaðarvöru, leður- og gúmmískófatnaði, asbesti, bifreiðum, vélum, gleri og glervöru, sykri, pappír og rafmagnsvörum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.

81

13. okt.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París 7. september 1956 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1957.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.

82

18. okt.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt.

Hinn 18. september 1956 var forstjóra Menningar- og Visindastofnunar Saminuðu þjóðanna (UNESCO) afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, er gerður var í Genf 6. september 1952.

Samkvæmt 9. gr. samningsins gengur hann í gildi, að því er Ísland varðar, hinn 18. desember 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 18. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.